

GJALDSKRÁ

vegna úttekta-, vottorða- og íbúðaskoðanagjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða-, og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna áfangaúttekta sbr. 48. gr., stöðuúttekta sbr. 55. gr., lokaúttekta sbr. 53. gr., meistaraskipta sbr. 47. gr., og byggingarstjóraskipta sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/998 skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr.	4.500
B) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	9.000
C) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	9.000
D) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta	4.500
E) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta	9.000

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta samkvæmt A-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Vegna útgáfu vottorða um fohheldisstig, verkstöðu og lokaúttekt skal byggingarfulltrúi innheimta vottorðsgjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fokheldisvottorð	14.000
B) Vottorð um stöðuúttekt	5.000
C) Lokaúttektarvottorð	5.000

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 7.000.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. liði B), C), D), E), er samhliða beiðni um úttekt. Gjalddagi vottorða er við afhendingu þeirra. Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 4. og 5. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.

Miða skal við grunn í desember 2001, grunntala 262,6.

Við framreikning skal gjaldupphæð námunduð, samkvæmt reiknireglu í slétt hundrað króna.

11. gr.

Innheimt, úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar við úttektir, vottorðagjöf og skoðanir unnar af starfsmönnum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. janúar 2002.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.